



Fundargerð

Boðandi	Lilja Hrönn Önnudóttir Hrannarsdóttir	Dagsetning	08.04.2024
Staðsetning	TEAMS	Tími	14:00 – 15:00
Boðuð	Haraldur Líndal Haraldsson, Kjartan Dige Baldursson og Álfheiður Ingadóttir.	Málsnúmer	MAR23110134
Pátttakendur	Öll boðuð mætt að undanskildum starfsmanni sjóðsins sem boðaði forföll.		

77. fundur Fiskeldissjóðs

1. Úthlutun ársins 2024

Stjórnarmenn fóru yfir umsóknir og luku við úthlutun ársins 2024. Sem fyrr gaf stjórnin umsóknum einkunn eftir sjö matspáttum. Forgangsröðun matspátta kemur fram á matsblaði sem stjórn studdist við og er hluti af úthlutunarreglum.

Fjárhæð samþykktra umsókna nam riflega þreföldu ráðstöfunarfé sjóðsins. Stjórn ákvað annars vegar að skerða ekki umsóknir sem voru undir 20 milljónum króna, og hins vegar að setja hámark á styrki að fjárhæð 70 milljónir króna, en sex umsóknir voru hærri. Allar samþykktar umsóknir, sem voru hærri en 20 milljónir króna, voru fyrst skertar hlutfallslega miðað við einkunn, en til þess að samtala úthlutaðra styrkja væri 437,2 m.kr., sem er sú fjárhæð sem sjóðurinn hefur til úthlutunar, voru samþykktar umsóknir síðan skertar um 24%.

Eftirtalin 16 verkefni í sjö sveitarfélögum hlutu styrk:

Bolungarvík	34.469.000
<i>Neysluvatnsholur í Bolungarvík, framhaldsumsókn</i>	15.447.000
<i>Aðkoma, aðstaða og aðgengi að hafnarsvæði</i>	19.022.000
Fjarðabyggð	151.840.000
<i>Fráveita á Breiðdalsvík, seinni hluti, hreinsivirki, framhaldsumsókn</i>	26.494.000
<i>Kaup á slökkvibifreið, Fjarðabyggð</i>	44.452.000
<i>Leikskólinn Dalborg, Eskifirði, innanhúsfrágangur, framhaldsumsókn</i>	40.447.000
<i>Lenging Strandabryggju, Fáskrúðsfirði</i>	40.447.000
Ísafjarðarbær	79.407.000
<i>Fráveita á Þingeyri, hreinsivirki</i>	51.660.000
<i>Verknámshús við Menntaskólann á Ísafirði</i>	27.747.000



Fundargerð

Múlaping	39.646.000
<i>Þjónustumiðstöð, hafnarhús og slökkvistöð, Djúpavogi</i>	39.646.000
Strandabyggð	25.384.000
<i>Fráveita í Strandabyggð, uppbygging hreinsistöðva</i>	25.384.000
Súðavíkurhreppur	17.307.000
<i>Mengunarvarnabúnaður fyrir Súðavíkurhöfn</i>	1.457.000
<i>Heitir pottar og aðstaða á Langeyri</i>	15.850.000
Vesturbyggð	89.147.000
<i>Nýbygging leik- og grunnskóla, Bíldudal</i>	46.454.000
<i>Kaup og uppsetning varmadælu við sundlaugina, Patreksfirði</i>	13.000.000
<i>Rannsóknarrými í Verbúðinni, Patreksfirði</i>	7.175.000
<i>Endurnýjun skólalóðar Patreksskóla, Patreksfirði</i>	22.518.000
Samtals kr.	437.200.000

2. Önnur mál

Stjórnarmenn skiptu með sér verkum við að fara yfir úthlutun, flokka styrki eftir landshlutum og verkefnum, og gera drög að fréttatilkynningu og minnisblaði til ráðherra.